

## Fundargerð 328. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 328. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Grand Hótel 3.október 2023.

Dagskrá:

- Rýni: Haustráðstefna Stjórnvísí 2023 – hvað gekk vel og hvað má betur fara.
- Fundur með fagraði Stjórnvísí.
- Fréttir af faghópum.
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna)
- Önnur mál

Dags.fundar: 3.okt. 2023	Tími: 11:00-11:30	Nr. fundar: 328
Fundarboðari: SHH	Fundarritari: GA	Staður: Grand Hótel

**Viðstaddir:** Gunnhildur Arnardóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Auður Daníelsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir, Snorri Páll Sigurðsson, Baldur Vignir Karlsson.

**Fjarverandi:** Haraldur Bjarnason, Ingibjörg Loftsdóttir.

**Gestir:**

### Samantekt og niðurstaða fundar

- Haustráðstefna Stjórnvísí 2023.** Haustráðstefna Stjórnvísí var haldin í dag þann 3.október á Grand Hótel og í beinu streymi. Alls bókuðu sig 190 manns í sal og 53 á vefnum. Af þeim 190 sem bókuðu sig í salinn mættu rétt rúmlega 100 en yfir 500 manns fylgdust með á visir.is vb.is fb.is og á vef Stjórnvísí. Þema ráðstefnunnar: "TENGL á tímum Teams". Ráðstefnustjóri: Ósk Heiða Sveinsdóttir markaðsstjóri Póstsins. Það var samróma álit stjórnar að fyrirlesarar voru allir alveg meiriháttar góðir, veitingar til mikillar fyrirmyndar, salurinn flottur en loftræsting hefði getað verið betri.

Dagskráin var eftirfarandi:

09:00 Formaður stjórnar Stjórnvísí Stefán Hrafn Hagalín, forstöðumaður samskipta og markaðsmála hjá Háskólanum í Reykjavík setti ráðstefnuna.

09:05 Almannaatengsl eru olían á hjól atvinnulífisins - Grétar Theodórsson, sérfræðingur í almannaatengslum og markaðssamskiptum hjá SPOR

09:25 Vaxtarhugarfar í gegnum aukin tengsl við starfsfólk – Ellen Ýr starfsmannastýra OR

09:45 Tengslamyndun og spjall

10:00 Fjölmenningsarsamfélagið - Anna Lotta Michaelsdóttir, Environmental, Social and Governance Data Project Manager, Sustainability & Community Engagement hjá Marel

10:20 Félagsleg tengsl á vinnustað – Viðar Halldórsson

10:40 Sálfræðileg öryggi teyma Krístrún Konráðsdóttir

11:00 Ráðstefnuslit.

- 2. Fundur með fagráði Stjórnvísí.** Fagráðfundur Stjórnvísí verður haldinn í næstu viku. Í fagráði félagsins eru: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths (2022-2024), Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís (2023-2025), Eyþór Ívar Jónsson, Akademías (2022-2024) Guðrún Ragnarsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Strategia (2023-2025) og Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár (2022-2024) Búið er að senda fagráði fundargerð vinnufundar stjórnar frá því í vor ásamt linkum og fréttum frá því helsta sem hefur verið á döfinni. Mikilvægt er að fagráð sé sem best undirbúið og geti gefið félaginu góð ráð úr sínum viskubrunni.
- 3. Fréttir af faghópum.** Í ágúst og september í fyrra voru haldnir 16 fundir og í ár 14 fundir. Nú er fjöldi funda að koma inn á dagskrána og fjöldi nýrra fyrirtækja að skrá sig. Í september voru heimsóknir á heimasíðuna fleiri en í fyrra upp um 10%. Heildarfjöldi félaga er upp um 14% frá sama tíma í fyrra, fjöldi virkra félaga og nýrra virkra félaga er umtalsvert lægri og einnig nýskráningar. Tölurnar ættu að fara upp í október því farið var í átakskynningu í háskólum landsins í lok september. Byrja fyrir alla faghópa: 1. Fundur „Hvað er Lean, Hvað er verkefnastjórnun?“ - Gæti líka verið stutt myndband – hvað er verkefnastjórnun, hvað er lean? - setja þau í auglýsingu, keyra í með birtingu á hópunum. Tala við formenn allra faghópa. Setja líka viðburði inn á LinkedIn. Senda póst á stjórnir alla faghópana hvetja þau til að auglýsa fundina sína. Taka nokkur viðtöl við öfluga formenn faghópa. Passa upp á LearnCove hvaða faghópar eru komnir inn. Væri hægt að senda út þegar stofnaður er viðburður – ertu búin að 1. 2.3. setja upp á facebook?
- 4. Fjárhagstaða Stjórnvísí.** Áætlun má alltaf skoða inn á vefnum, er aðgengileg stjórn og uppfærð reglulega. Endurskoðuð áætlun ársins 2023 gerir ráð fyrir að það verði enginn tekjuafgangur og jafnvel gengið á eigið fé til að fjármagna fræðslukerfið LearnCove. Eigið fé um síðustu áramót voru tæpar 3 milljónir. Stjórnvísí er félag

rekið án fjárhagslegs ávinnings, í eigu sinna félagsmanna og safnar ekki auði. – tekjuhliðin er að standast en einn gjaldaliðurinn sem tengist innleiðingu á LearnCove hefur farið umtalsvert fram úr áætlun. Fjöldi nýrra fyrirtækja að koma inn nú á haustdögum og fá þau 50-60% afslátt. Öll félagsgjöld eru innheimt fyrir árið.

## 5. Lög félagsins, jafnréttisstefna og siðareglur yfirfarnar.

## 6. Önnur mál

- a. LearnCove er komið í loftið og byrjað að greiða áskriftargjald 200þúsund.
  - i. Mikilvægt er að búa til góða innleiðingu
- b. Nokkur ný fyrirtæki hafa skráð sig inn nýlega í félagið.
- c. Búið er að ítreka við alla faghópa að setja inn fundi á vefinn.

## 7. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna).

### Áhersluverkefni stjórnar 2023-2024 eru fjögur.

Í hverju felast þau – hverjir eru mælikvarðarnir hvernig okkur gengur?

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí [www.stjornvisi.is](http://www.stjornvisi.is)

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Ásýnd og vöxtur** - Stefán – Baldur – Laufey – Anna Kristín
  - i. Fjölgun fyrirtækja oo
    1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
    2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
  - ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
  - iii. Fjölgun virkra félaga oo
  - iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo
  - v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
  - vi. Fjölgun nýrra háskólanema oo

- vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- ix. Stjórnvísir sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- x. Stjórnvísir þróist í takt við við sýnbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
- xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

- **Stuðningur við stjórnir faghópa** Snorri Páll – Lilja - Ingibjörg

- xiii. Fjölgun viðburða oo
  - xiv. Fjölgun félaga á fundum oo
  - xv. Aukning á virkni faghópa oo
  - xvi.** Aukning á félagafjölda í faghópum oo
  - xvii. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
  - xviii.** Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
  - xix. Hækkun á NPS skori oo
  - xx.** Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
  - xxi.** Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
  - xxii.** Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
  - xxiii.** Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
  - xxiv.** Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
1. Myndbönd
  2. Stafræn fræðsla

- **Útrás/ Tengsl** – Laufey – Anna Kristín - Auður

**xxv.**Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina

xxvi.Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni

xxvii.Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni

xxviii.Fjölgun erlendra fyrirlesara

- **Stöðugar umbætur:** Baldur – Anna Kristín – Lilja - Haraldur

**xxix.**Stöðugt sé unnið að umbótum ooo

1. **NPS skor:** Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.